

185. fundur fræðslunefndar haldinn í Grunnskóla Snæfellsbæjar Hellissandi 16.11. 2015 kl. 20:00

Mættu: Ari Bent, Laufey Helga Árnadóttir, Gunnar Ólafur Sigmarsson, Örvar Marteinnsson, Guðríður Þórðardóttir, Hilmar Már Arasson, Ingigerður Stefánsdóttir.

1. Leikskólastjóri mætir kl 20:00 til 20:30.

Áframhaldandi umræður um framkvæmda og fjárfestingaáætlun leikskólastjóra.

Forgangsröðun/ 5 ára áætlun fræðslunefndar kynnt leikskólastjóra. Leikskólastjóri var inntur eftir breytingatillögum milli ára. Lagði til eina breytingatillögu sem var samþykkt samhljóða. 5 ára áætlun er í fylgiskjali,“ Framkvæmdaáætlun leikskóla til 2020, tillaga fræðslunefndar“.

2. Grunnskólastjóri mætir kl 20:30

Umræða um 5 ára framkvæmdaáætlun/búnaðaráætlun sem gerð var fyrir ári síðan. Að flestu leiti farið eftir áætlun 2015 en meira gert af því að laga heldur en að kaupa nýtt.

Umræða um uppfærslu tækjabúnaðar.

Umræða um viðhald húsnæðis grunnskólans. Skólastjóri leggur fram viðhaldsáætlun til kynningar. Fræðslunefnd telur mikilvægast að komast fyrir leka og gera við rakaskemmdir.

3. Önnur mál

Starfsáætlun Grunnskóla Snæfellsbæjar er komin út og hefur verið send öllum foreldrum

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 22:00